

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiða skal framleiðendum afurða nautgripa og sauðfjár hluta sérstaks fódurgjalds, sem lagt er á innflutt fóður við tollafgreiðslu, sbr. reglugerð 639/1989, með síðari breytingum. Endurgreiðslan skal vera 50/55 hlutar af álögðu sérstöku fódurgjaldi. Af sérstöku fódurgjaldi renna sem næst 5/55 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu gjaldsins í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 26. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiða skal framleiðendum afurða alifugla og svína hluta sérstaks fódurgjalds, sem innheimt er samkvæmt reglugerð nr. 639 28. desember 1989 með síðari breytingum. Endurgreiðslan skal miðast við að 50/55 hlutar af álögðu sérstöku fódurgjaldi endurgreiðist að hluta eða að öllu leyti. Af því renna sem næst 5/55 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslna sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fódurgjalds vegna afurða alifugla og svína skal fara fram mánaðarlega miðað við seldar afurðir, enda hafi skýrslur samkvæmt 10. og 11. gr. borist Framleiðsluráði landbúnaðarins innan tilskilinna tímamarka. Við ákvörðun endurgreiðslu hins sérstaka fódurgjalds eftir afurðum, skal reikna meðaltal sérstaks fódurgjalds á kg fóðurs samkvæmt þeim skýrslum sem borist hafa yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.